



## Samleið til hinstu stundar Sálgæsla við þau sem horfa fram til eigin dauða og aðstandendur þeirra

Fjallað verður um mikilvægi góðra og upplýsandi samskipta við erfiðar aðstæður. Sálgæsla við þau sem horfa fram til eigin dauða og aðstandenda. Hugað er að hjálparanum og hvernig við sem fagfólk getum nært okkur sjálf í krefjandi samfylgd.

Horft verður sérstaklega til þeirra sem eiga sameiginlegan hlut þegar kemur að nálægð dauðans, fjölskyldunnar og fjölskyldumeðlima á ólíkum aldurskeiðum. Sálgæsla við þau sem horfa fram til eigin dauða og aðstandenda þeirra er sett undir sjóngler með sérstöku tilliti til þess sem kallað hefur verið fyrirfram söknuður. Að lokum er hugað að hjálparanum og hvernig við sem fagfólk getum nært okkur sjálf í krefjandi samfylgd með þeim sem við sinnum við þessar kringumstæður. Auk fyrirlestra verður unnið með raunveruleg dæmi og úrvinnslu þeirra.

### Á námskeiðinu er fjallað um:

- Ástundun sannleikans í kærleika: Um samskipti og samtal við erfiðar aðstæður.
- Að kveðja lífið, sálgæsla við þau sem eru dauðvona.
- Að heilsa lífinu án ástvinar: Sálgæsla við eftirlifendur.
- Hvernig varðveitum við okkur sjálf?

### Fyrir hverja:

Ætlað fagfólki á heilbrigðis og félagssviði.

### Skráningarfrestur til 14. febrúar

**Kennarar:** Sigfinnur Þorleifsson, sjúkrahúsprestur og lektor í sálgæslufræðum og Vigfús Bjarni Albertsson, sjúkrahúsprestur

**Tími:** Fös. 21. feb. kl. 8:30 - 16:30

**Verð:** 25.900 kr.



Vigfús Bjarni Albertsson og  
Sigfinnur Þorleifsson,  
sjúkrahúsprestar

**Staður:** Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7

**Nánari lýsing og skráning [hér](#)**

---

Dunhaga 7 107 Reykjavík sími 525 4444 fax 525 4080 edurmenntun.is endurmenntun@endurmenntun.is